

Sp. 255. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

varðandi rafvæðingu Norðausturlands.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Björn Jónsson, Garðar Halldórsson, Magnús Jónsson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á árinu 1961 nauðsynlegan undirbúning til þess, að háspennulína verði lögð frá Laxárvirkjun til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar á árunum 1962—63, eins og ráð var fyrir gert, eða að rafvæðing hlutaðeigandi byggðarlaga verði á annan hátt a. m. k. jafnvel tryggð á sama tíma.

Greinargerð.

Af hálfu raforkumálastjórnarinnar var á sínum tíma gert ráð fyrir því, að einn þáttur framkvæmda samkvæmt 10 ára rafvæðingaráætluninni yrði sá, að lögð yrði háspennulína frá Laxárvirkjun — (eða Húsavík) — austur til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar og raforku dreift frá þeirri línu. Var þá jafnframt gert ráð fyrir, að lína þessi yrði lögð á tveim síðustu árum 10 ára áætlunarinnar, þ. e. á árunum 1962—63. Með tilliti til þess, sem síðan hefur fram komið á Alþingi varðandi 10 ára áætlunina, einkum í fjárlagaumræðum 1959, þykir rétt, að ríkisstjórninni verði falið að hefja nauðsynlegan undirbúning á árinu 1961, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.